

Aðalfundur Festi hf.

22. mars 2023

Miðvikudaginn 22. mars 2023 kl. 10:00 árdegis er haldinn aðalfundur Festi hf. að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Guðjón Reynisson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gerði Guðjón svo að tillögu sinni að Kristni Hallgrímssyni, lögmanni, yrði falin fundarstjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Gerði hann að tillögu sinni að Sölva Davíðssyni, lögmanni, yrði falin fundarritun. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í kauphöll og dagblöðum, fyrsta auglýsing í kauphöll þann 28. febrúar 2023, í Morgunblaðinu þann 1. mars 2023 og í Viðskiptablaðinu þann 2. sama mánaðar. Þá hafa tilkynning verið send til kauphallar þann 17. mars 2023 þar sem upplýst hafi verið um endanlega dagskrá og tillögur fyrir fundinn.

Fundarstjóri upplýsti að hlutaskrá félagsins lægi fyrir fundinum og að samkvæmt henni væri mætt fyrir 31 hluthafa sem hefðu að baki sér 72,8% hlutfjár félagsins, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans. Lýsti fundarstjóri því að enginn vafi væri því um lögmati fundarins.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Guðjón Reynisson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar um rekstur félagsins á liðnu ári.

Stjórnarformaður lýsti því að viðburðarríkt ár væri að baki hjá félaginu og rekstrarfélögum þess. Hefði árið litast af áframhaldandi áskorunum í rekstrarumhverfi rekstrarfélaganna, svo sem vegna stríðsins í Úkraínu sem tekið hafi við af heimsfaraldri, óvissu og áhrifa á aðfangakeðjur sem og hækkunar hrávöruverðs, verðbólgu og vaxta. Þá hafi verið óvissa í tengslum við kjarasamningsgerð og varðandi fjölgun ferðamanna. Þrátt fyrir þær áskoranir hafa öllum rekstrarfélögum samstæðunnar tekist að skila sinni bestu rekstrarafkomu frá upphafi. Hafi sá árangur náðst vegna markvissra aðgerða sem ráðist hafi verið í á árinu. Hafi þannig nýrra leiða verið leitað til að auka hagkvæmni í innkaupum, vöru- og þjónustuframboð ódýrari valkosta verið aukið, skilvirkni verið bætt með skýrari ferlum og starfrænum launum jafnframt því sem nýir útsölustaðir hafi verið opnaðir á lykilstaðsetningum.

Stjórnarformaður fór yfir að félagið væri í miklum vexti sem væri ánægjulegt. Hafi bæði verið um magnaukningu í sölu að ræða í eldri verslunum jafnframt því sem nýjar verslanir hafi komið sterkar inn, svo sem verslanir Elko og Krónunnar í Skeifunni, Krónan í Borgartúni og Akureyri, N1 á Mývatni og Klettagörðum. Þá hafi verið haldið áfram með starfræna vegferð félagsins á árinu, svo sem með N1 appinu, Skannað og skundað lausn Krónunnar og Snallspjalli Elko.

Stjórnarformaður vék að því að N1 væri í mikilli sókn í tengslum við orkuskipti. Væru nú rafhleðslustöðvar félagsins að finna um allt land eða alls á 11 stöðum. Hafi N1 einnig gert tímamótasamning við Reykjavíkurborg um innkaup á allri almennti raforku. Viðskiptavinum N1 rafmagns hafi einnig fjölgað verulega og væru þeir nú orðnir rúmlega 22.000. Þá væri aukin eftirspurn eftir uppsetningu hleðslustöðva fyrir bæði einstaklinga og lögaðila.

Stjórnarformaður lýsti því næst samfélagslegum málefnum félagsins þar sem áherslan væri á að vera þekkt fyrir að gera rétt. Væri sjálfbærni þannig höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku félagsins. Gerði stjórnarformaður jafnframt grein fyrir samfélagslegum stuðningi á árinu sem og verkefnum sem tengdust hringrásarhagkerfinu. Þá vék hann að því að sjálfbærnisráðgjafi félagsins hefði verið árituð af Deloitte, en þrátt fyrir að slíkt væri ekki lagaleg krafa væri um mikilvæga úttekt að ræða og staðfestingu á áreiðanleika gagna og upplýsinga fyrir sjálfbærnisframmistöðu samstæðunnar auk þess að fela í sér undirbúning fyrir tilvonandi CSRD tilskipun Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja sem gert væri ráð fyrir að tæki gildi á næstu tveimur árum. Auk þess hefði félagið náð góðum árangri í UFS áhættumati Reitunar.

Stjórnarformaður fór yfir þau verðlaun og viðurkenningar sem fallið hafi í skaut samstæðunnar og stjórnenda á árinu. Gerði stjórnarformaður jafnframt grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafi á hópi lykilstjórnenda á árinu. Var því lýst að Ásta Sigríður Fjeldsted hefði verið ráðin sem forstjóri Festi í september 2022 og tekið við af Eggert Þór Kristóferssýni sem hafi látið af störfum í júlímánuði sama ár. Hafi Magnús Kr. Ingason, fjármálastjóri og staðgengill forstjóra, starfað sem forstjóri félagsins fram að ráðningu Ástu og aftur eftir að hún töku fæðingarorlofs í byrjun nóvembermánaðar 2022 og til 17. mars 2023. Þakkaði stjórnarformaður Magnúsi sérstaklega fyrir frábær störf í þágu félagsins á þessum tíma. Þá vék stjórnarformaður að því að Óttar Örn Sigurbergsson hafi tekið við sem framkvæmdastjóri Elko þann 1. janúar 2022 og Guðrún Aðalsteinsdóttir sem framkvæmdastjóri Krónunnar í septembermánuði sama ár.

Stjórnarformaður fór yfir skipan stjórnar og undirnefnda á starfsárinu og breytingar sem orðið hafi á nefndarskipan. Þá gerði hann grein fyrir starfskjarastefnu og tillögum stjórnar þar að lútandi.

Að endingu fór stjórnarformaður yfir að spennandi tímar væru framundan. Vissulega væru áskoranir og rekstrarumhverfi fyrirtækja erfitt. Félög samstæðunnar væru vel í stakk búin að takast á við þær áskoranir með nýjan kraftmikinn forstjóra og öflugt starfsfólk sem væri að þjónusta viðskiptamenn alla daga eftir bestu getu. Lýsti stjórnarformaður því að félagið væri þakklátt fyrir velgengnina sem væri ekki sjálfgefin. Þakkaði stjórnarformaður einnig hluthöfum fyrir stuðning og traustið á liðnu ári. Þá þakkaði stjórnarformaður starfsfólki og viðskiptavinum traustið sem og öðrum stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Guðjóni fyrir og lagði til að mælendaskrá yrði ekki opnuð fyrr en að loknum öðrum dagskrárlið. Var ekki gerð athugasemd við það.

2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.

Fundarstjóri gaf Ástu S. Fjeldsted, forstjóra félagsins, orðið.

Forstjóri hóf mál sitt á að þakka það traust sem henni hefði verið sýnt af stjórn og hluthöfum með ráðningu í starfið. Fór hún yfir að vegferð félagsins hefði skilað góðri og stöðugri ávöxtun og fjölda viðskiptavina. Þrátt fyrir óvissu væri Festi félag sem stæðist ólgusjó.

Forstjóri gerði grein fyrir að afkomuspá ársins hefði verið hækkuð í þriggja á árinu. Hafi EBITDA niðurstaða ársins numið 10.020 millj. kr. og verið í takt við miðgildi afkomuspárinnar ef ekki hefði komið til aukins kostnaðar í tengslum við afturvirkna kjarasamning frá 1. nóvember 2022. Lýsti forstjóri því að aukin umsvif hjá öllum dótturfélögum Festi lægju til grundvallar betri afkomu en einnig hafi náðst hagræðing á ýmsum sviðum sem skilað hafi sér í lækkun einingakostnaðar. Væri félagið með sterka fjárhagsstöðu og vel í stakk búið að takast á við verkefni ársins 2023.

Forstjóri fór yfir rekstur samstæðunnar 2022. Fór forstjóri yfir að tekjur af vöru- og þjónustusölu hefðu aukist um 22,7 ma. kr. eða 23% á milli ára. Hafi framlegð af vörusölu numið 26.994 millj. kr. og

aukningin numið 9,5% á milli ára. Lýsti forstjóri því að miklar hækkunar á hrávöru-, flutnings- og dreifingarkostnaði hafi aukið veltu og lækkað framlegðarstig. Lýsti forstjóri því einnig að launa- og starfsmannakostnaður hafi numið 13.456 millj. kr. sem hafi verið 15,4% hækkun á milli ára. Hafi stöðugildi verið alls 1.251 og þeim fjölgað um 74 eða um 6,3% á milli ára. Þá hafi EBITDA verið 10.020 millj. kr. á árinu sem hafi falið í sér lækkun um 1,0% á milli ára. Lýsti forstjóri því að félagið væri í vexti og að síðasta ár hafi verið ár vaxtar og fjárfestinga. Heilt yfir væri hægt að vera mjög sátt með niðurstöðu ársins.

Forstjóri fór því næst yfir starfspáttayfirlit samstæðunnar í lok árs 2022 sem og efnahagsreikning miðað við sama tímamark. Lýsti forstjóri því að efnahagur félagsins væri traustur. Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir hafi hækkað um 2.649 millj. kr. vegna mikilla fjárfestinga frá áramótum. Leigugeignir hafi hækkað vegna nýrra leigusamninga verslana. Vörubirgðir og viðskiptakröfur hafi einnig hækkað í takt við hækkunar á hrávörumörkuðum og opnun nýrra verslana. Handbært fé hafi numið 2.112 millj. kr. í lok árs sem væri 1.891 millj. kr. lækkun frá áramótum. Gerði forstjóri grein fyrir því að eiginfjárhlutfall félagsins hafi verið 36,9% í lok árs. Þá gerði forstjóri grein fyrir kaupum félagsins á eigin hlutum á árinu, afborgunum af vaxtaberandi lánum og stöðu viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda. Lýsti forstjóri því að fjármagnsskipan samstæðunnar væri í takt við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.

Forstjóri gerði því næst grein fyrir sjóðstreymi samstæðunnar miðað við árslok 2022. Lýsti forstjóri því að handbært fé frá rekstri hafi numið 4.607 millj. kr. og lækkað um 3.685 millj. kr. milli ára vegna aukinnar fjárbindingar í vörubirgðum og viðskiptakröfum. Fjárfestingar hafi numið 5.779 millj. kr. á árinu sem hafi verið aukning um 3.330 millj. kr. á milli ára. Hafi þannig verið ráðist í verulegar endurbætur á árinu auk þess sem ráðist hafi verið í nýjar fjárfestingar, svo sem fasteign að Klettagörðum 4 og nýjar verslanir sem stjórnarformaður hafi farið yfir.

Um stöðu og horfur fyrir árið 2023 vísaði forstjóri til þess að EBITDA spá félagsins fyrir árið næmi 9.750 – 10.250 millj. kr. Um helstu forsendur og áhættu í því sambandi vísaði forstjóri til áhrifa kjaradeilna á vinnumarkaði, stýrivaxtahækkana, innrásar Rússa í Úkraínu vegna vöruframboðs, breytinga á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi íslensku krónunnar, innlendrar og erlendrar verðbólgu og óvissu um fjölda ferðmanna. Vék forstjóri að því að áframhaldandi sveiflur á hrávörumörkuðum og aukin verðbólga setti þrýsting á framlegðarstig. Unnið væri þétt með birgjum til að tryggja vöruframboð og að leitað væri allra leiða til að ná hagkvæmni til að vinna á móti verðhækknum. Áhersla væri á rekstrarkostnað og leiðir til að lækka einingakostnað samstæðunnar. Þá lýsti forstjóri því að vegna óvissuþátta væri CAPEX spá fyrir árið ekki gefin út að sinni.

Forstjóri vék því næst að samkomulagi sem undirritað hefði verið 17. mars sl. sem kveðið hafi á um helstu skilmála vegna kaupa Festi á öllu hlutafé í Lyfju hf. Lýsti forstjóri því að samkomulagið fæli í sér að heildarvirði Lyfju hf. væri 7,8 ma. kr. og að kaupverð yrði greitt með 10.000.000 hlutum í Festi og 6,0 ma. kr. með handbæru fé, að fráðregnum vaxtaberandi skuldum við lánastofnanir á afhendingardegi. Viðskiptin væru meðal annars háð fyrirvörum um að samkomulag myndi nást um endanlegan kaupsamning, framkvæmd áreiðanleikakönnunar, fjármögnun viðskiptanna, samþykki hluthafafundar Festi fyrir ráðstöfun eigin hluta og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Ef viðskiptin gengju eftir væri gert ráð fyrir að þeim lyki á 1. ársfjórðungi 2024.

Forstjóri fór yfir að starfsemi Lyfju félli vel að starfsemi Festi. Með sölu lyfja og lækningavara gæti félagið betur þjónað viðskiptavinum ásamt því að taka þátt í að stuðla að bættri lýðheilsu í landinu. Væri Festi þannig eignarhaldsfélag leiðandi fyrirtækja sem gegndi mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi sem byði hnitmiðað vöruúrval og þjónustu um allt land á einfaldan hátt. Lýsti forstjóri því að

með rótgrónu og sterku vörumerki Lyfju hf. væri hægt að byggja enn eina stoðina innan samstæðu Festi.

Forstjóri gerði því næst grein fyrir tilteknum eignum samstæðunnar og þeim möguleikum sem í þeim fælust. Gerði forstjóri sérstaklega grein fyrir fasteignasafni félagsins og eignarhlut í Olíudreifingu ehf.

Að endingu fór forstjóri yfir framtíðarsýn félagsins. Lýsti forstjóri því kostnaðaraðhald, aukin samlegð og hagkvæmni í rekstri væri lykilatriði en á sama tíma þyrfti að fjárfesta áfram í framtíðaruppbyggingu innviða. Skerpa þyrfti enn frekar á áherslum félagsins og taka stærri og metnaðarfullri skref í átt að sjálfbærni og aukinni lýðheilssu. Þá lýsti forstjóri því að fjárhagsstaða félagsins væri sterk og horfur góðar.

Fundarstjóri þakkaði Ástu fyrir og opnaði mælendaskrá um fyrstu tvo dagskrárliðina. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.

Fundarstjóri bar ársreikning félagsins undir atkvæði fundarmanna og gerði grein fyrir að stjórn legði til að hann yrði samþykktur eins og hann liggur fyrir. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2022.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að stjórn hefði lagt til að arður yrði greiddur út samkvæmt eftirfarandi tillögu:

„Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 913.500.000 vegna rekstrarársins 2022 eða kr. 3,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verði greiddur til hluthafa þann 12. apríl 2023. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 21. mars 2023 og arðleysisdagur er því 22. mars 2023. Arðsréttindadagur er 23. mars 2023, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 23. mars 2023.“

Mælendaskrá var opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillaga stjórnar um arðgreiðslu var samþykkt samhljóða.

5. Breyting á samþykktum félagsins.

Tillaga að breytingu á 5. mgr. 17. gr. samþykkt félagsins lá fyrir fundinum en hún gerir ráð fyrir að framboðsfrestur til stjórnar verði lengdur í 10 daga. Gerir tillagan ráð fyrir að málsgreinin verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, eða aukafundar þegar stjórnarkjör er þar á dagskrá. Þeir einir eru kjörgengir í stjórnarkjör á hluthafafundi sem þannig gefa kost á sér.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að síðastliðin ár hefði verið mikill áhugi á því að komast í stjórn félagsins. Kanna þyrfti hæfi stjórnarmanna m.a. vegna sáttar við Samkeppniseftirlit og væri eðlilegt að ákveðið svigrúm væri til þess. Gerði fundarstjóri jafnframt grein fyrir því að sama tillaga hefði verið lögð fyrir aðalfund félagsins 2022 og verið þar samþykkt en láðst hafi að tilkynna um breytinguna til fyrirtækjaskrár Skattsins innan lögmæltis frests.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með auknum meirihluta líkt og samþykktir áskilja.

6. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur

6a. Skýrsla tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gaf Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur, formanni tilnefningarnefndar orðið til að kynna skýrslu tilnefningarnefndar. Skýrslan hefði þegar verið birt opinberlega þann 28. febrúar sl.

Sagði Sigrún þrjá nefndarmenn vera í nefndinni. Hún sjálf, Tryggvi Pálsson og Margrét Guðmundsdóttir. Nefndinni væri ætlað að gera tillögu að stjórn. Hún væri ráðgefandi og bæri að hafa hagsmuni allra hluthafa að leiðarljós. Væri markmiðið að tryggja gagnsætt og faglegt ferli við tilnefningu stjórnarmanna og styðja við upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við stjórnarkjör.

Sigrún gerði grein fyrir starfi nefndarinnar á starfsárinu. Lýsti hún því að nefndin hefði átt 24 fundi á starfsárinu, en fundað hafi verið meðal annars með stjórn félagsins, stjórnendum, frambjóðendum og hluthöfum. Varðandi fundi með hluthöfum lýsti Sigrún því að níu hluthafar sem fari með ríflega helming af útgefnu hlutfé félagsins hafi þegið boð um fund með nefndinni. Jafnframt því hafi starfsreglur nefndarinnar verið yfirfarnar og lægju nokkrar tillögur að breytingum á reglunum fyrir fundinum auk greinargerðar. Þá gerði Sigrún grein fyrir tvöföldu umfangi vinnu nefndarinnar á starfsárinu, þ.e. annars vegar vegna í aðdraganda hluthafafundar félagsins sem haldinn var þann 14. júlí 2022 og hins vegar vegna aðalfundarins í dag. Um átaksvinnu síðastliðið sumar vísaði Sigrún sérstaklega til skýrslu nefndarinnar, dags. 5. júlí 2022. Bent Sigrún á að ekki væri tekið mið af slíkum aðstæðum í starfsreglum nefndarinnar. Af þeim sökum lægi fyrir fundinum tillaga um viðbótarþóknun vegna starfa tilnefningarnefndar.

Sigrún gerði grein fyrir að auglýst hefði verið eftir framboðum til stjórnar Festi opinberlega þann 10. janúar 2023. Hefði nefndin skilgreint ákveðna hæfnispætti sem tilnefningarnefnd taldi mikilvæga fyrir stjórnarmenn í Festi. Væri um að ræða fjóra meginflokka sem nefndin hefði svo útfært með hliðsjón af nýjustu útgáfu stjórnarháttaleiðbeininga. Vísaði Sigrún til þess að matsramminn væri endurskoðaður árlega en vísaði að öðru leyti um það efni til skýrslu nefndarinnar.

Sigrún fór yfir að til nefndarinnar hefðu borist sjö framboð, þar með talin framboð allra núverandi stjórnarmanna félagsins. Hafi allir frambjóðendur uppfyllt ákvæði sáttar Festi við Samkeppniseftirlitið. Nefndin hafi verið einhuga um að leggja til við aðalfund að stjórn félagsins yrði endukjörin. Í kjölfar þess að nefndin hafi birt tillögu sína hafi aðrir frambjóðendur sem ekki hafi verið tilnefndir kosið að draga framboð sín til baka. Þá lýsti Sigrún því að rík áhersla væri á trúnað við frambjóðendur.

Þakkaði Sigrún að lokum fundarmönnum, stjórn og starfsmönnum fyrir áheyrnina.

Fundarstjóri þakkaði Sigrúnu fyrir og opnaði fyrir mælendaskra undir dagskrárarlíðnum. Var engin sem tók til máls.

6b. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum tilnefningarnefndar að breytingum á starfsreglum nefndarinnar.

- i. Tillaga að breytingu á 3. mgr. 2. gr. starfsreglna nefndarinnar og að hún verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Í kjölfar aðalfundar skal nýkjörin stjórn skipa einn fulltrúa til setu í nefndinni. Meginreglan skal vera sú að nefndarmaður skipaður af stjórn skuli ekki jafnframt vera stjórnarmaður í félaginu. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum, þó þannig að formennska sé ekki á hendi stjórnarmanns í félaginu ef það á við. Stjórn skal ákveða hvaða stjórnarmaður skuli vera tengiliður við tilnefningarnefnd til að tryggja nauðsynlegt upplýsingaflæði á milli þessara stjórnarsýslueininga félagsins.“

- ii. Tillaga að nýrri lokamálsgrein 2. gr. starfsreglna nefndarinnar sem verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Ef nefndin verður óstarfhæf á starfstímabili hennar, skal stjórn boða til sérstaks hluthafafundar. Á fundinum skal fjallað um tillögu stjórnar um skipan nýrra nefndarmanna í stað þeirra sem látið hafa af störfum, sem leitað er staðfestingar hluthafa á.“

- iii. Tillögur að breytingum á 4. mgr. 2. gr. og e. lið 2. mgr. 3. gr. starfsreglna nefndarinnar og að þær verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar, m.a. á góðum stjórnarháttum og viðmiðum og venjum varðandi stjórnir fyrirtækja. Æskilegt er að nefndarmenn hafi góða samskiptahæfni og reynslu af því að greina hæfnisþætti sem virk þátttaka í stjórn félagsins kallar á. Að jafnaði skal við það miðað að nefndarmenn hafi viðtæka þekkingu af rekstri og stjórnarstörfum og með gott orðspor. Þess skal gætt að fulltrúar beggja kynja séu í nefndinni.“

„e. Kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs sem og framboðum þeirra og annarra. Nefndin skal eigi síðar en 8-10 vikum fyrir aðalfund auglýsa eftir tilnefningum og framboðum til stjórnar félagsins. Vakin skal athygli á undirbúningi stjórnarkjörs með tilkynningum til kauphallar, auglýsingu í dagblaði og vefmiðli svo sem á heimasíðu félagsins.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillaga tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar.

Hjörleifur Pálsson kvaddi sér hljóðs. Byrjaði Hjörleifur á að taka undir orð stjórnarformanns og þakkaði fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt við að koma inn í stjórn félagsins. Lýsti Hjörleifur því að þótt byrjunin hafi kannski verið hrjuf, þar sem hluthafar hafi skipst í fylkingar á árinu 2022 við stjórnarkjör, hafi vinnan verið stórkostlega skemmtileg. Hafi stjórn gengið af hluthafafundi í júlímánuði 2022 með það verkefni að gera sem best fyrir hluthafa. – Hjörleifur lýsti því að hann teldi þörf á að halda uppi gömlum og góðum sjónarmiðum og reglum í samstarfi í hlutafélagi. Væri grundvöllur í slíku samstarfi samþykktir félagsins. Kvaðst Hjörleifur upplifa tillögur tilnefningarnefndar að breytingum á starfsreglum nefndarinnar þannig að verið væri að taka einn þátt í samstarfi hlutafélags og belgja hann út. Benti Hjörleifur á að sett væri sama púður í tillögur á breytingar á starfsreglum vinnunefndar, sem væri ráðgefandi, og gert væri með breytingar á samþykktum félagsins.

Hjörleifur vísaði til þess að erfitt væri að sjá rökstuðning fyrir því að stjórnarmaður ætti ekki að eiga sæti í tilnefningarnefnd. Benti Hjörleifur á að ósamræmi væri í því að stjórnarmönnum væri treyst til slíkra trúnaðarstarfa í þágu hluthafa en á sama tíma væri þeim ekki treyst til starfa í tilnefningarnefnd meðal annars vegna ætlaðrar hættu á því að stjórnarmaður í tilnefningarnefnd taki eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni annarra. Lýsti Hjörleifur því að hann hafi tekið þátt í að fylgja úr hlaði fyrstu tilnefningarnefndinni árið 2014, þ.e. í Sýn hf. Auk þess hafi hann leitt uppbyggingu á nýrri tilnefningarnefnd hjá Icelandair hf. þar sem nefndin gerði sjálf sínar starfsreglur sem gengið hafi vel. Fór Hjörleifur yfir að hann hefði aldrei tekið það í mál að byggja upp slíka nefnd nema með þátttöku stjórnar félagsins. Hafi það starf sýnt sig að stjórnarmaður geti vel átt sæti í tilnefningarnefnd. Þá fór Hjörleifur yfir að hann hefði áhyggjur af þeim skilaboðum sem væri verið að senda til stjórnarmanna. Væri hættan sú að lífeyrissjóður fengju ekki öflugasta fólkið til að taka þátt í stjórnarstarfi. Væru tilnefningarnefndir skemmt vörumerki þar sem ekki tækist vel til.

Hjörleifur fór að endingu yfir að 75% eigenda félagsins væri mjög faglegur og gæti ekki tekið venjulegan þátt í að vera hluthafi, þ.e. vegna eignarhalds á samkeppnisaðilum. Vantaði dýpt í umræðuna að því leyti. Lýsti Hjörleifur því að því fylgdi ábyrgð að vera hluthafi. Stundum þyrfti að taka afstöðu, t.d. við

stjórnarkjör. Heppilegast væri ef hluthafi gæti verið í stjórn. Með reglum um tilnefningarnefnd væri verið að fylla upp í þau göt með því að ofstjórna ákveðna sviðum. Þakkaði Hjörleifur loks fyrir áheyrnina.

Fundarstjóri þakkaði Hjörleifi fyrir gott innlegg.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar voru bornar í einu lagi undir atkvæði fundarmanna og voru þær samþykktar samhljóða.

6c. Tillaga um viðbótarþóknun kjörinna nefndarmanna í tilnefningarnefnd vegna starfsársins 2022 - 2023.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar, sem lögð hafi verið fram að ósk óháðu tilnefningarnefndarmanna Festi hf. um þóknun vegna vinnu þeirra fyrir hluthafafund félagsins sem haldinn var þann 14. júlí 2022, en hún er svohljóðandi:

„Greidd verði þóknun til óháðu nefndarmannanna í tilnefningarnefnd Festi hf. vegna síðasta starfsárs, sem nemi 75% álagi m.v. þegar ákveðna þóknun og komi til greiðslu að loknum aðalfundi.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var hún borin undir atkvæði. Fulltrúi Lífsverks óskaði bókað að lífeyrissjóðurinn sæti hjá við atkvæðagreiðsluna en tillagan var að öðru leyti samþykkt samhljóða.

6d. Tillaga til ályktunar frá Gildi-lífeyrissjóði

Fundarstjóri gerði grein fyrir að tillaga til ályktunar hafi borist frá Gildi-lífeyrissjóði („Gildi“) þann 17. mars 2023. Upplýsti fundarstjóri að tillagan hefði verið birt opinberlega í tilkynningu til kauphallar þennan sama dag jafnframt því sem hún hafi verið aðgengileg á heimasíðu félagsins frá sama tíma. Bauð fundarstjóri fulltrúa Gildis á fundinum að fylgja tillögunni úr hlaði.

Gunnar Þór Ásgeirsson, lögfræðingur hjá Gildi-lífeyrissjóði, kvaddi sér þá hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi álykuntartillögu Gildis:

„Aðalfundur Festi hf., haldinn 22. mars 2023, beinir því til tilnefningarnefndar og stjórnar félagsins að endurskoða starfsreglur tilnefningarnefndar fyrir næsta aðalfund á þá leið að allir fulltrúar tilnefningarnefndar verði kosnir á aðalfundi hverju sinni og að stjórnarmenn séu ekki kjörgengir til setu í nefndinni. Stjórn leggi til fulltrúa í nefndina við aðalfund en hluthafar hafi jafnframt tillögurétt.“

Fór Gunnar jafnframt yfir sjónarmið að baki álykuntartillögunni samkvæmt greinargerð sem lá fyrir á fundinum.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir samantektina og opnaði fyrir mælendaskrá.

Harald Gunnar Halldórsson, lögmaður hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins („LSR“), kvaddi sér hljóðs. Lýsti Harald því að LSR hefði átt fundi með tilnefningarnefnd í aðdraganda aðalfundar. Fór hann yfir að LSR fagnaði tillögum tilnefningarnefndar varðandi breytingar á starfsreglum nefndarinnar. LSR hafi þó viljað sjá nefndina ganga lengra í þeim efnum. Í því ljósi tæki LSR undir fyrirbyggjandi álykuntartillögu Gildis.

Fundarstjóri þakkaði Harald fyrir hans innlegg fyrir hönd LSR.

Því næst kvaddi sér hljóðs Einar Sigurðsson fyrir hönd Ísfélags Vestmannaeyja hf. („Ísfélagið“). Lýsti Einar því að Ísfélagið hefði haft í hyggju að leggja fram álykuntartillögu á aðalfundinum varðandi breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar en Gildi hafi verið fyrri til. Kvaðst Einar ekkert hafa við

tillögu Gildis að athuga þótt sjónarmið þau sem Hjörleifur Pálsson hefði lýst ættu einnig rétt á sér. Vísaði Einar til þess að ályktunartillaga Gildis væri til bóta en gæta þyrfti þess að samspil væri á milli stjórnar og tilnefningarnefndar. Hafi það sést á hluthafafundum félagsins sem haldnir hafi verið á árinu 2022. Mikilvægt væri að hugsa og leita leiða þannig að skipan í stjórn félagsins endurspeglaði vilja hluthafa. Þá lýsti Einar því að sjónarmið um reglulega endurýjun stjórnarmanna ætti ekki að hafa mikið vægi. Ef stjórn væri samhent þá væri ekki mikilvægt að skipta út stjórnarmönnum þótt þeir hefðu setið lengi. Svo lengi sem stjórnarmenn stæðu sig í starfi væri engin ástæða til að skipta þeim út nema gegn ákalli hluthafa. Væri slíkt þá einnig til þess fallið að spara vinnu tilnefningarnefndar og kröfur um viðbótarþóknun.

Fundarstjóri þakkaði Einari fyrir hans innlegg og tiltók að mælendaskrá væri enn opin um ályktunartillögu Gildis.

Hjörleifur Pálsson kvaddi sér hljóðs að nýju. Hvatti Hjörleifur fundarmenn til að mæta á viðburð á vegum Viðskiptaráðs þriðjudaginn 28. mars nk. þar sem hlutverk og störf tilnefningarnefnda væru til umfjöllunar. Ítrekaði Hjörleifur jafnframt að flestar tilnefningarnefndir væru skipaðar þremur nefndarmönnum, þar af einum stjórnarmanni. Lýsti Hjörleifur því að þessi eini stjórnarmaður sem einnig sæti í tilnefningarnefnd væri ekki að fara með nefndina út í móta í eigin þágu. Hvatinn að baki ályktunartillögu væri áhyggjuefni. Væri hættan sú að tilnefningarnefndir myndu einangrast frá stjórn. Slík hætta væri þó takmörkuð ef hluthafar sjálfir myndu eiga sæti í tilnefningarnefnd.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Fundarstjóri bar ályktunartillögu Gildis undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

7. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að framboðsfrestur til stjórnar hefði runnið út fyrir fimm sólarhringum, þ.e. kl. 10:00 föstudaginn 17. mars 2023. Framboð bárust frá Guðjóni Karli Reynissyni, Hjörleifi Pálssyni, Magnúsi Júlíussyni, Margréti Guðmundsdóttur og Sigurlínu Ingvarsdóttur. Væru þau sjálfkjörin í stjórn og óskaði fundarstjóri þeim til hamingju með kjörið.

8. Tillaga um staðfestingu á ákvörðun stjórnar um skipun tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Tryggvi Pálsson yrðu að nýju skipuð í tilnefningarnefnd félagsins. Gaf hann orðið laust um tillögu stjórnar. Tillagan var umræðulaust borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að Deloitte ehf. yrði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Guðjónsson og Pétur Hansson endurskoðendur félagsins vegna rekstrarársins 2023.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar vegna komandi starfsárs:

„Stjórnarformaður fái kr. 820.000 á mánuði.

Varaformaður stjórnar fái kr. 615.000 á mánuði.

Aðrir stjórnarmenn fái kr. 410.000 á mánuði.

Fulltrúar í starfskjaranefnd fá kr. 65.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 120.000 á mánuði.

Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fá kr. 100.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 200.000 á mánuði.

Formaður í tilnefningarnefnd fá kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 125.000 á mánuði. Eigi stjórnarmaður sæti í nefndinni skal þóknun hans vera kr. 80.000 á mánuði.“

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillögu stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

11. Starfskjarastefnu

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt en hún væri óbreytt frá fyrra ári. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Fulltrúi Lífsverks óskaði bókað að lífeyrissjóðurinn sæti hjá við atkvæðagreiðsluna en tillagan var að öðru leyti samþykkt samhljóða.

12. Kaup á eigin hlutum

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um kaup á eigin hlutum:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 22. mars 2023 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2024. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða með auknum meirihluta svo sem áskilið er í lögum og samþykktum félagsins.

13. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri gerði grein fyrir að ekki hefðu borist önnur mál löglega upp borin undir þessum dagskrárlið, en gaf orðið laust, ef einhver fundarmanna vildi almennt ræða um málefni félagsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir dagskrárliðnum.

Fundarstjóri gerði tillögu um að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi var slitið kl. 11.32.

Framangreint staðfestist hér með.

Kristinn Hallgrímsson hrl.,
fundarstjóri

Sölvi Davíðsson lrl.,
fundarritari